

LÍKUR JESÚ

I

Rétt hafa þeir fyrir sér, sem segja, að Krishnamurti, sem nú er farið að kalla hinn indverska Messias, sé líkur Jesú. Og skal nú skýrt nokkuð hvernig það mál er vaxið. Það var forn trú, að hver maður ætti sér nokkurskonar sambandsveru, sem Grikkir kölluðu daimón en Rómverjar genius. Var vera þessi talin meir en mannlegs eðlis en þó ill stundum. Þetta hafa menn á síðari tímum talið firru eina. En þó er ekki svo. Og ýmsir merkismenn sögunnar, hafa merkilegir verið, vegna þess hve náíð var samband þeirra við þesskonar verur. Sókrates var einn. Hann talaði um sitt daimonion. Það var rödd sem hann heyrði, og þó ekki mannrödd. Hefir verið reynt að skýra þetta þannig að af hlustarveikindum hafi stafað. Annar, er nefna má, er hinn ágæti spekingur Plótínus, sem dó nálega 700 árum eftir að Sókrates var líflátinn. Egyptskur prestur bauðst til að sýna Plótín daimón hans, og tókst þeim að sjá hann í hofi gyðju þeirrar er Ísis hét. Sagði þá presturinn, daimón Plótíns er (ekki vanalegur daimón, heldur) guð. Nú virðist svo sem líkt hefði mátt segja um veru þá, sem Jesús hafði svo merkilegt samband við: að þar væri ekki vanalegur daimón, heldur guð. Með orðinu guð á ég við veru, sem að vísu er merkileg mjög, en þó langt frá því að vera almáttugur stjórnandi alheimsins. Jesús kallar veru þessa föður, og finnst sem hann sé í rauninni sjálfur þessi vera, og vera þessi hann. Mætti hér nefna til samanburðar orð dulspekings þess, er kallaði sig Angelus Silesius:

Ich bin wie Gott so gross,
der Gott so klein wie ich:

Eins mikill er ég eins og guð
eins lítill guð og ég.

II

Annað eins og þetta, sem til skamms tíma hefir verið algerlega óskiljanlegt, kemst inn undir ljós vísindanna, þegar vér höfum uppgötvað draumgjafann, og vitum, að í svefni finnst oss sem aðrir menn séu vér. Eða, eins og einnig mætti komast að orði, vér fáum í svefni meðvitund annarra um sjálfa sig. Hefi ég útlistað þetta að nokkru í Nýal, í ritgerðinni um drauma. En draumlífið hefi ég nú rannsakað í 26 ár, og byggt með þeim rannsóknum brú yfir djúpið mikla, sem oft hefir nefnt verið, milli heims vísindanna og heims trúarinnar. En það er einungis vanþekking, sem það djúp skapar, og ekkert annað. Þar er í raun rétttri um sama heim að ræða, alveg eins og jörð vor er stjarna í stjörnuheiminum, þó að menn vissu það lengi ekki, og héldu að jörðin væri allt annars eðlis en stjörnurnar. Og skal nú snúið að því, að sýna, hversu líkir þeir eru, Jesús og Krishnamurti.

III

Hinn frægi Indverji er nú á líkum aldri og sagt er að Jesús hafi verið, þegar Jóhannes skírði hann. En nú er, eftir því, sem Krishnamurti segir sjálfur, komið á mjög nákvæmt samband milli merkilegrar veru og hans, svo að vel má bera saman við það, sem Jesús segir um samband sitt við föðurinn. Er svo að sjá af myndum, sem Krishnamurti hafi breyst nokkuð í andliti, síðan þetta nákvæmara samband komst á, og verður þó varlega eftir myndum að dæma. Virðist sambandi þessu fylgja frábærlega góð líðan (eoenesthesie).

Spyrji menn nú, hvort ég haldi þá ekki að Krishnamurti sé frelsari mannkynsins, þá segi ég hiklaust nei. Nærri 2000 ár eru nú liðin síðan hinn merkilegi spámaður og trúarkennari Jesús frá Nazareth, kom fram og talaði fyrir samband slíkt sem áður hefir verið af sagt. Og getur hver sem vill nota vit sitt, séð, að Jesús hefir ekki frelsað mannkynið. — En eitt það boðorð, sem hann gaf, hefir orðið til þess, að auka mjög á hörmungar mannlífsins. Það er boðorðið um að höggva af sér höndina og stinga úr sér augað, sem ég á við. Hefir það komið mörgum til að meiða sjálfa sig þannig, að

aldrei hafa bætur beðið, en miklu fleiri hafa þeir þó verið, sem í því sáu hvöt til að veita öðrum sár og meiðsli. Og Jesús var, eftir guðspjöllunum að dæma, mjög ófróður um það, hvað við tekur eftir dauðann. En þar er það atriði líffræðinnar, sem mannkyninu ríður einmitt svo afar mikið á að þekkja, ef það á geta bjargast. Og í þessu er Krishnamurti Jesús líkur. Hann er ófróður mjög um lífið eftir dauðann, eða var, þegar ég vissi síðast til, vissi ekki fram yfir kenningar guðspekinnar, sem í þeim efnum eru mjög ónógar og villandi. Því miður kemst ég ekki hjá því að taka þetta fram. En þó er sú bót í máli, að Krishnamurti á að ýmsu leyti ólíkt betri aðstöðu en Jesús. Því að nú eru þegar komnar fram þær uppgötvanir, sem leiða í ljós, hvers eðlis lífið er eftir dauðann. Og það er ekki ólíklegt, að hinn indverski spámaður geti bráðlega farið að færa sér þær uppgötvanir í nyt. Mætti jafnvel vona, að það sé þegar farið að verða. Af mörgu, sem nú kemur fram, má marka, að lífaflsvæði jarðar vorrar hefir þegar tekið nokkrum bótum. Viðtökuskilyrðin fyrir boðskap frá íbúum annarra hnatta (en það eru hinar æðri verur dulspekinnar) virðast nú betri en áður, og mun því þessari sambandsveru Krishnamurta auðveldara en ella mundi, að koma fram, af hans vörum, ýmsum þeim boðskap, sem merkilegur er, og miðar til að bæta hag manna. En ekki má þó búast við úr þeirri átt, sjálfum þeim tíðindum, sem úrslitunum valda, og hefja munu hina nýju öld, er finna mun ráð til þess að endir verði á öllu böli lífsins. Og óskandi er að menn beri gæfu til að tefja sem skemmst fyrir þeim sigri.

30. nóv. '27.